

STJÓRNARTÍÐINDI B 103 – 1999

18. nóvember 1999

2081

Nr. 765

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Jöklalind 5 í Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar 9. nóvember 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Jöklalind 5 ásamt umsögn ALARK-arkitekta f.h. bæjaryfirvalda, um fram komnar athugasemdir. Í breytingunni felst að fyrirhuguðu einbýlishúsi á framangreindri lóð er breytt úr einnar hæða húsi í pallahús; sem er að hluta til ein hæð með þaksvölum í norðaustur hluta þaksins og að hluta til tvær hæðir þar sem land lækkar. Sú breyting var gerð eftir auglýsingu og eftir að athugasemdir höfðu borist að svalagólf hússins komi ekki til með að ná nær austurhlíð þess en sem nemur 1,5 metrum.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 27. ágúst til 4. október 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 18. nóvember 1999.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

17. nóvember 1999

Nr. 766

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu út af Víkuráli.

1. gr.

Frá og með 19. nóvember 1999 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á svæði út af Víkuráli, sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°43'N - 27°25'V
2. 65°43'N - 27°00'V

3. 66°00'N - 26°50'V
4. 66°00'N - 27°05'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 544, 11. ágúst 1999, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu út af Víkuráli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. nóvember 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.